

Spurningakeppni - Kahoot!


Kahoot er sniðugt verkfæri sem hægt er að nota til þess að vera með spurningakeppnir og fleira skemmtilegt í bekknum.

Það sem þarf að vera til staðar í skólastofunni til þess að geta notað Kahoot er skjávarpi, þráðlaust net og svolítið af snjalltækjum. Skemmtilegast er að hver nemandi sé með eitt snjalltæki (síma eða spjald), en einnig er hægt að skipta nemendum í litla hópa þar sem hver hópur hefur eitt tæki.

Gangur leiksins er í stuttu máli þannig að kennari setur spurningakeppnina upp á skjávarpa. Á skjánum birtist númer, svokallað **game pin**. Það þurfa nemendur að slá inn í snjalltækin og þá eru þeir orðnir þátttakendur í leiknum. Þegar allir nemendur/hópar hafa skráð sig inn með nafni þá setur kennari keppnina í gang. Spurningarnar birtast á skjánum og nemendur svara með snjalltækjunum.

Nánari leiðbeiningar: Kennari þarf að byrja á því að fara inn á getkahoot.com, skrá sig þar inn og leita að Lige i Lommen. Það er afar einfalt:

1. Farðu inn á getkahoot.com og smelltu á **GET MY FREE ACCOUNT**.



2. Búðu til frían aðgang, með því að velja þér notendanafn og lykilorð og skrá pósthfang.

<https://create.kahoot.it/account/register/>

Kahoot! Already got an account? [SIGN IN](#)

GET YOUR FREE ACCOUNT

SCHOOLS, UNIVERSITIES OR BUSINESSES

1

WHAT'S YOUR ROLE?

I'm a teacher

School or University

2

YOUR ACCOUNT DETAILS

Username

Email

Confirm Email

Password

CREATE ACCOUNT

3. Þegar búið er að fylla inn allar upplýsingar þá þarf ekkert annað að gera en að styðja á [CREATE ACCOUNT](#). Þá opnast aðalvalmyndin.

Þar velurðu [PUBLIC KAHOTS](#).

<https://create.kahoot.it/#>

[New K!](#) [My Kahoots \(0\)](#) [Public Kahoots \(1380.5k\)](#) [FAQ](#) [Support](#) [Ligilommen - Kahoot!](#)



HEY LIGEILOMMEN!

Welcome to Kahoot! Here are some good starting points:

- Play our [intro quiz](#) or find a [public Kahoot](#)
- Create your first Kahoot below (it's quick and easy!)
- It's more fun with others! Share on [Facebook](#), [Twitter](#) or by email

Create new Kahoot!

Quiz Discussion Survey

NEW! Save your results to Google Drive

MY STATS

0 KAHOTS 0 QUESTIONS 0 PLAYS 0 PLAYERS 0 SHARES 0 FAVS

MY RECENT RESULTS

Check back here once you've played your first game to download all the results! Start off by playing the [Kahoot! Intro Quiz](#).

COMMUNITY


- TIPS ON OUR BLOG
- JOIN OUR FACEBOOK COMMUNITY
- SHARE YOUR EXPERIENCES ON TWITTER
- SUGGEST AN IDEA OR FEATURE

CHALLENGE YOUR STUDENTS!


To make their own Kahoots:

- Take them on a journey from learners to leaders
- Case study: Adopting the Kahoot! pedagogy
- Case study: how to assess your student's questions
- Stories from Twitter


4. Þá opnast leitargluggi. Í leitargluggann skrifarðu **LIGE I LOMMEN**.




5. Þá koma upp Kahoot verkefni fyrir 1. kafla og 6. kafla Lige i Lommen. Þú velur annað hvort verkefnið og styður á **PLAY**.




6. Þá birtist þessi skjár, hér smellirðu á [LAUNCH](#).



7. Þá kemur þetta á skjáinn. Hér birtist lykilorð leiksins ([GAME PIN](#)). Það skrá nemendur í snjalltækin sín og þá eru þeir komnir inn í leikinn og geta skráð sig til leiks með nafni sínu eða hópsins.



Ath. til þess að nemendur geti tekið þátt þurfa þeir annaðhvort að vera búnir að ná í smáforritið Kahoot, sem hægt er að nálgast án endurgjalds bæði í Play Store (fyrir Android tæki) og í Apple store, eða fara inn á [KAHOOT.IT](https://kahoot.it) og fara inn í leikinn þaðan. Hvorttveggja krefst þráðlausrar nettengingar, en kostar að öðru leyti ekki neitt.



Staða fimm efstu keppenda birtist eftir hverja spurningu, meðan á leiknum stendur, en þegar leiknum er lokið getur kennari séð frammistöðu allra keppenda í excel skjali, sem hann getur hlaðið niður og vistað.

Önnur útfærsla: Nemendur hafa gaman af því að útbúa spurningakeppnir fyrir bekkjarfélaga sína og getur kennari séð spurningarnar áður en þær eru lagðar fyrir bekkinn.